

Bildudalur 07.10.2024

Efni: Andmæli á fráviki 5.1.2 í eftirlitsskýrslu #38340 fyrir seiðaeldisstöðina Fjallalax

5 - Gæðastjórnun og innra eftirlit

5.1 - Skipulag, verklag, viðbragðsáætlanir og innra eftirlit

47. - 50.gr. og viðauki III. í reglugerð nr. 540/2020

5.1.2 Þjálfun starfsfólks (rekstrarleyfi>20.tonn)

Sett inn: 01.10.2024

Frávik


Nýliðapjálfun: Ekki var sýnt fram á að nýliðar fái eftirfarandi þjálfun við upphaf starfs:

- Kynning á gæðastjórnunarkerfi fyrirtækis
- Varnir gegn stroki
- Viðbrögð við stroki

Arnarlax andmælir þessu fráviki þar sem allir nýliðar fá kynningu og yfirferð á þessum atriðum þegar þeir hefja störf. Í Blue Planet Academy hafa allir starfsmenn lokið við námskeið í forvörnum slysasleppinga fyrir landeldi þar sem farið er yfir forvarnir og viðbrögð gegn stroki. Var búið að senda Matvælastofnun yfirlit. Þá fór svæðisstjóri Fjallalax yfir notkun slysasleppingarneta sem til staðar eru í eldisstöðinni með öllu starfsfólki fyrir á árinu.

Allir starfsmenn hafa fengið yfirferð á gæðastjórnunarkerfinu EQS og er einnig farið yfir ákveðin atriði á árlegum fundi skv. reglu MAST. Þá hefur svæðisstjóri Fjallalax góða þekkingu á EQS frá fyrri vinnustað og hefur yfirumsjón með gerð verklagsreglna og viðbragðsáætlunum ásamt gæðadeild Arnarlax. Allir starfsmenn sem hafa hafið störf í seiðaeldi Fjallalax á árinu 2024 hafa hlotið yfirferð á gæðastjórnunarkerfi og lokið við námskeið í forvörnum slysasleppinga fyrir landeldisstöðvar. Gögn, *Fjallalax training records 08-2024.xlsx*, voru send inn til Matvælastofnunar í tölvupósti dags. 04.09.2024.

F.h. seiðaeldisstöðvar Fjallalax,



Silja Baldvinsdóttir, gæðastjóri Arnarlax